

## AUGLÝSING

189

1. nóv.

### um umferð á Seltjarnarnesi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaптúninu skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958.

#### 1. Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Nesvegi innan Seltjarnarneshrepps frá Vegamótum að Lindarbraut.

#### 2. Einstefnuakstur.

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur vestur Lambastaðabraut frá vegamótum Tjarnarstígs og síðan norður ónefnda götu að Nesvegi.

Athygli skal vakin á því, að vegir, sem liggja að aðalbraut, eru við vegamótin merktir biðskyldu ellegar stöðvunarmerki.

*Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 1. nóvember 1960.*

**Björn Sveinbjörnsson,**  
settur.

## AUGLÝSING

190

8. nóv.

### um notkun heimildar í h-lið 3. gr. tollskrárlaga.

Ráðuneytið hefur með heimild í ákvæðum h-lið 3. gr. tollskrárlaga ákveðið að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum — þar með talinn innflutningssölu-skattur — garn til veiðarfæragerðar, þar með taldir óspunnir þræðir og eingirni, en skilyrði undanþágunnar er, að viðtakandi vörunnar reki veiðarfæragerð, að hann lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu, að vörunnar verði aðeins notaðar í veiðarfæragerð hans til netagerðar og að ráðuneytið geti hvenær sem er látið rannsaka bókhald hans til að athuga um notkun varanna og afhendingu.

Með auglýsingu þessari er úr gildi númerin auglýsing nr. 90/1946, um undanþágu frá aðflutningsgjöldum.

*Fjármálaráðuneytið, 8. nóvember 1960.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Sigtr. Klemenzson.*